


ÁRSSKÝRSLA KEILIS 2014





ÁRSSKÝRSLA KEILIS 2014

Með auknum aldri fyrirtækis vaxa hættur á að hefðir og formfesta þrengi að nýsprotunum. Við verðum að vera meðvituð um þá hættu. Við eigum að vera í stöðugri leit að nýjum tækifærum og nýjum þörfum sem skóli getur svarað. Margar hugmyndir eru í vinnslu – ekki síst eftir ábendingu úr atvinnulífinu. Einn vandi Keilis er sá að skólinn hefur ekki sjálfur leyfi sem háskóli og er því öðrum háður um rekstur einstakra námsbrauta. Viðbrögð okkar hafa verið þau að sækja slík leyfi til innlendra og erlendra skóla. Þannig reynum við að sækja samstarf til þeirra er best þekkja til. Að mörgu leyti er það skemmtilegur kostur er felur í sér fjölbreytileika en setur eigi að síður Keili í þá stöðu að hafa ekki fullkomið frelsi til athafna. Þannig má segja að við höfum orðið af námsbrautum sem aðrir hafa ekki viljað votta með okkur en jafnvel tekið upp sjálfir síðar.

Segja má að fernt hafi verið Keili sérlega erfitt á árinu 2014: Launamál og afleiðingar þeirra, samgöngumál við höfuðborg, óvissa með leyfisveitingar og ekki síst ójafnræði við fjármögnun af hálfu hins opinbera. Við teljum Keili einfaldlega ekki sitja við sama borð og aðrir skólar. Með samstilltum kröftum og góðum stuðningi má segja að flest þessara mála hafa hlotið farsæla lausn ef undan er skilið hið síðasttalda.

Í áratugi hefur verið rætt um þörf fyrir fagháskóla. Ekki síst hefur þar verið horft til skemmri námsbrauta á háskólastigi með áherslu á starfstengt nám. Ekkert hefur þokast umfram almennar ræður. Tilraun til að svara þessari þörf var gerð með sérstakri grein (20. grein) í lögum um framhaldsskóla. Hins vegar hefur á engan hátt tekist að útfæra eða framkvæma þá grein. Lausn á þessum vanda þarf að sjást fyrir en síðar – ef einhver alvara fylgir orðunum margtuggðu um tengsl skóla og atvinnulífs.

Á Reykjanesi búa rúmlega 20 þúsund manns. Samt eru þar nokkuð margar menntastofnanir sem í raun hafa takmarkað samstarf sín í millum. Undirritaður telur að hagsmunum svæðisins um menntun og rannsóknir væri betur komið með samruna allra þessara menntastofnana (á framhalds-, háskóla- og fullorðinsfræðsluviði) undir eina yfirstjórn. Þar með væri betur unnt að samnýta krafta og sinna menntaþörf svæðisins með markvissari hætti.

Þessum pistli verður ekki lokið án þess að minnst á vandinám (e. flipped classroom). Keilir er leiðandi á því sviði héraendis og fer fyrir stóru Evrópuverkefni með átta skólum um innleiðingu vandinámsins. Það felur í sér uppstokkun á hefðbundnum og úr sér gengnum kennsluháttum. Frá því að ákvörðun um að „flippa“ var tekin innan Keilis hefur margt gerst – ekki síst má segja að „flippið“ hafi styrkt okkur innan frá faglega en einnig skapað skemmtileg tækifæri til að vinna með öðru framsæknu skólafólki.

Árið 2014 var eins og önnur viðburðaríkt og reyndi á að mörgu leyti. Segja má að í árslok getum við þokkalega sátt litið um öxl og sagt að við höfum mjakast enn eitt fetið fram á við. Hinn rómaði Keilisandi lifir hressu lífi og á líklega stærsta þáttinn í starfinu. Fyrir það vil ég þakka öllu okkar frábæra starfsfólki og tel mikið lán að starfa með svo góðum hópi. Þá ber að þakka hinni samhentun stjórn fyrir góðan stuðning og hvatningu. Saman skilum við Keili lifandi inn á nýtt starfsár.

*Hjálmar Árnason,
framkvæmdastjóri Keilis*

Þegar einstaklingar ná átta ára aldri tíunda þeir sjaldnast afrek sín og halda stórveislur. Foreldrar og ættingjar fagna þó ákaft og gjarnan er slegið í veislu. Í tilviki átta ára skólasamfélags er full ástæða til að minnast ungrar en merkrar sögu.

Hugmyndin um Keili, reis við það mikla högg sem hér varð á Suðurnesjum þegar varnarliðið hvarf á brott aðeins á sex mánuðum og ellefu hundruð manns misstu vinnuna. Í kjölfar þess kom efnahagshrunið og atvinnuleysi hér á svæðinu steig yfir 12%.

Keilir varð þá að nýju og án efa mikilvægasta tæki okkar til að efla menntastig á svæðinu. Við vildum gefa fleiri einstaklingum, sem höfðu snemma tekið vinnu fram yfir nám, ný tækifæri í lífinu.

Um tvö þúsund manns hafa verið brautskráðir frá skólanum á þessum stutta tíma. Fólk sem hefur nýtt tækifærið og eflt færni sína. Einungis þessar tölur segja okkur að eitt meginmarkið með stofnun Keilis hefur náðst – að hækka menntastig.

Annað meginmarkmið með stofnun Keilis var að skapa tengsl milli skóla og atvinnulífs. Ánægjulegt er að sjá hvernig skólinn þjónar þessu mikilvæga markmiði. Með stöðugt fleiri samstarfssamningum við ný og eldri fyrirtæki - þar sem hin glæsilega aðstaða til rannsókna er í lykilhlutverki – þá fléttast æ betur saman hin mikilvægu tengsl. Í þessu samstarfi hefur orðið til ótrúleg sköpun þar sem ný þekking verður að verðmætum og skapar störf. Menntun og rannsóknir styrkja þannig uppbyggingu atvinnulífs og mannlífs á svæðinu.

Segja má að Keilir sé langstærsta nýsköpunarverkefnið á Reykjanesi. Þannig má segja að ný menntatækifæri og sérhvert verkefni nemenda, t.d. í tæknifræði, sé nýsköpun er feli í sér sprota til framfara. Þá hafa fyrrum nemendur bæði hlotið verðlaun fyrir verkefni sín sem þeir þróa áfram og stofnað fyrirtæki um afrakstur af námi sínu. Mörg þeirra fræja eru þegar byrjuð að spíra – öllum til gagns og gamans.

Árangur er því einstakur á aðeins átta árum. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í að safna í öflugt bakland Keilis, taka þátt í að velja stefnu og velja forystufólkið. Stjórn Keilis hefur staðið sem klettur að baki þessu mikla nýsköpunarverkefni. Ég þakka hinu samhenta starfsfólki Keilis fyrir þeirra einstaka starf. Hlutverk allra aðstandenda er að styðja af öllum mætti við bakið á frumkvöðlunum í Keili. Við megum ekki láta deigan síga. Okkur öllum, fyrirtækjum og opinbera geiranum, ber að halda lifandi hinum mikla krafti sem einkennt hefur Keili frá upphafi. Sköpum honum áfram skilyrði til að þróast enn frekar í þágu betra mannlífs.

*Árni Sigfússon,
stjórnarformaður Keilis*



1

UM KEILI

Keilir starfrækir námsbrautir á háskóla- og framhaldsskólastigi. Skólinn hefur það að markmiði að fylla upp í eyður í skólakerfinu og að vera í nánnum tengslum við atvinnulífið. Boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu.

Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka. Námið í Keili skiptist í fjögur sérhæfð megin svið, en innan hvers sviðs er fjölbreytt námsframboð. Sviðin fjögur eru Háskólabrú, sem miðar að því að undirbúa nemendur fyrir háskólanám, Flugakademía, sem býður upp á ýmiskonar flugtengt nám, Íþróttakademía, sem veitir ÍAK þjálfararéttindi, leiðsögunám í ævintýraferðamennsku og tæknifræði, sem skiptist í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník hátæknifræði.

Keilir var stofnaður vorið 2007 og hefur aðsetur á fyrrum varnarsvæði bandaríska hersins á Ásbrú í Reykjanesbæ. Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Keilir er hlutafélag og eru meðal eigenda Háskóli Íslands, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, rannsóknarstofnanir, orku- og fjármálafyrirtæki, sveitarfélög, almenningsamtök, flugfélag og verkálýðsfélög.

Aðstaða og þjónusta

Aðalbygging Keilis er á Grænásbraut 910 á Ásbrú í Reykjanesbæ og hýsir hún flestar kennslustofur, rannsóknaraðstöðu, stoðþjónustu og skrifstofur. Þar er einnig að finna bókasafn, lesrými, hópinnuherbergi, kaffistofur og veitingasölu, auk þess sem viðburðir og uppákomur eru reglulega á dagskrá.

Byggingin er opin nemendum frá morgni til kvölds. Kennsla fer einnig fram í Sporthúsinu á Ásbrú (gegnt aðalbyggingunni) og í verklegri kennsluáðstöðu Flugakademíu Keilis á Keflavíkurflugvelli.

Námsráðgjöf

Hjá Keili starfa öflugir námsráðgjafar sem leggja metnað í að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur, með það að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, úrræði vegna sértækra námsörðugleika, upplýsingagjöf um námsleiðir og störf ásamt því að efla

sjálfsþekkingu nemenda. Nemendum Keilis stendur til boða að sækja ýmiskonar námskeið svo sem hraðlestrarnámskeið, námstækninámskeið og prófkvíðanámskeið.

Bókasafn og lesaðstaða

Á bókasafni Keilis er veitt fagleg upplýsingaþjónusta. Safnkosturinn er sérhæfður og miðar að því að styðja við það nám sem boðið er upp á við skólann. Bókasafn Keilis er í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar þar sem nemendur fá fullan aðgang að safnkosti og þjónustu, sér að kostnaðarlausu. Við bókasafnið er vel búin lesaðstaða.

Námsaðstaða

Í Keili er lagður mikill metnaður í að skapa framúrskarandi námsumhverfi fyrir allt nám skólans sem er bæði sérhæft og fjölbreytilegt. Í skólanum eru fyrirlestrasalir og hópinnuherbergi, fyrsta flokks tilrauna- og rannsóknaraðstaða sem og aðstaða fyrir verklega kennslu í tæknifræði, ný og glæsileg verkleg kennsluáðstaða hjá Flugakademíu og fullkomlega tækjum búinn kennslusalur fyrir þjálfun.

Samgöngur

Góð tenging er við önnur hverfi Reykjanesbæjar með ókeypis strætó sem gengur samkvæmt áætlun um hverfi bæjarins. Einungis 40 mínútur tekur að fara með almenningsamgöngum til Reykjavíkur, og er fjöldi daglegra ferða.



2

KENNSLUSVIÐ

Kennslustjórar eru Anna María Sigurðardóttir og Björk Guðnadóttir. Auk þeirra starfa á kennsluviði Skúli Freyr Brynjólfsson, náms- og starfsráðgjafi í 100% stöðu, Þóra Kristín Snjólfsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í 50% stöðu og 50% stöðu sem prófstjóri, og Atli Rúnar Ólafsson þjónustustjóri tölvudeildar. Á síðasta ári færðist Viskubrunnur Keilis undir kennsluvið, Sigrún Svafa Ólafsdóttir er í 70% starfi sem umsjónaraðili Viskubrunns en í október bættist Ásdís Ólafsdóttir við í starfsmannahóp Viskubrunns í 50% stöðu. Keilir og bókasafn Reykjanesbæjar hafa gert samstarfssamning og sinnir Sigurrós Sigurbergsdóttir starfi bókasafnsfræðings hjá Keili. Sumarið 2014 bættist við starfsmaður í tölvudeild á vegum verkefnisins „Sumarstörf fyrir námsmenn“ hjá Vinnumálastofnun. Hann heitir Davíð Snæhólm Baldursson og hans helsta hlutverk var að vinna að forritun fyrir Moodle. Að loknu sumri réðum við hann áfram í 20% starf til að sinna ýmsum forritunarverkefnum fyrir Moodle.

Kennsluvið er stöðdeild við þær deildir sem í boði eru innan skólans. Undir kennsluvið fellur tölvuþjónusta, nemendaskráning, kennslukerfi í stað- og fjarnámi, náms- og starfsráðgjöf, prófstjórn, bókasafn og gæðaráð.

Hlutverk

Hlutverk kennsluviðs er m.a. samskipti og skýrslugerð fyrir Menntamálaráðuneytið, Hagstofu Íslands og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá hefur kennsluvið umsjón með handbókum kennara og nemenda, stundatöflugerð, framkvæmd prófa, ber ábyrgð á útskrift og dagskrá skólaárs, framkvæma kennslu- og þjónustukannanir, sjá um og fylgja eftir ferlum í gæðahandbók, búa til gæðaskýrslur ásamt því að samræma kennslu og hafa yfirsýn yfir þá starfsemi sem á sér stað innan skóla Keilis. Þá er hlutverk kennsluviðs einnig tölvuþjónusta fyrir nemendur og starfsfólk, þróun og umsjón kennslukerfis í stað- og fjarnámi og umsjón og skráning einkunna fyrir alla skóla. Kennsluvið sér einnig um að þjálfa alla kennara og nemendur Keilis til notkunar á kennslukerfinu Moodle ásamt því að halda utan um ýmiskonar námskeið sem hýst eru í Viskubrunni.

Nýjungar í tæknimálum

Keilir uppfærir reglulega kennslukerfið Moodle og aðlagar það betur að starfseminni en uppfærslunum fylgja miklar breytingar til bóta. Vorið 2014 hættum við að nota upptökukerfið eMission og keyptum kerfið Camtasia Relay í staðinn, því fylgdi töluverð

vinna og fjárfesting sem þó hefur skilað sér til baka á ekki lengri tíma. Allar upptökur eru hýstar á streymisþjón í eigu Keilis og hefur rekstur þess gengið mjög vel. Camtasia Relay krefst ekki mikillar tæknipekkingar fyrir þann sem er að taka upp, ef einhverjir vilja leika sér að klippa og fönndra við myndböndin þá stendur þeim til boða að fá Camtasia Studio sem er einnig tengt við streymisþjóninn okkar. Með þessu tvennu erum við að koma til móts við kennara okkar sem vilja leggja meiri vinnu í myndböndin sín. Við uppfærðum miðlægan búnað svo sem þráðlaust net og eldvegg og hafa afköst kerfanna margfaldast við það.

Útskrifaðir nemendur

Árið 2014 útskrifaði Keilir 285 nemendur, flestir útskrifuðust af Háskólabrú eða 187 nemendur. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda útskriftarnema eftir brautum árið 2014:

Háskólabrú - Fjarnám	99
Háskólabrú - Staðnám	88
ÍAK - Einkapjálfarar	38
ÍAK - Styrktarpjálfarar	10
Flugþjónustubraut	10
ATPL - Atvinnuflugmannsnám	18
ATC - Flugumferðarstjórn	4
Tæknifræðinám	6
Ævintýraleiðsögunám	13

Samtals árið 2014	286
--------------------------	------------

Í lok október 2014 hafði Keilir útskrifað 1970 nemendur þar af 1201 af Háskólabrú.



Bókasafn Keilis

Starfsmaður Bókasafns Keilis er Sigurrós I. Sigurbergisdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á bókasafninu alla daga.

Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrymi Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2014. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

- nemendur Keilis fá lánþegaskírteini sér að kostnaðarlausu
- nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
- nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
- bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00
- Innleiðingu skjalastjórnunarkerfis hjá Keili

Hlutverk bókasafns Keilis

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í:

- faglegri upplýsingaþjónustu
- leiðbeiningum við heimildaleit
- leiðbeiningum við upplýsingalæsi
- úrvinnslu heimilda
- útlán
- námsaðstoð

Tölfræði

Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2014: 4.424, þar af bækur 3.620. Árið 2013 var heildarfjöldi 4.249, þar af bækur 3.438. Aðrar tölur 2013, frá fyrra ári í sviga:

- Útlán: 328 (560)
- Millisafnalán: 4 (6)
- Notendafræðsla: 10 manns (11)

Talsverður munur er á útlánatölum milli áranna 2013 og 2014 og stafar það aðallega af því að stór hluti útlána var skráður handvirkt og fylgst með útlánnum og skilum á þann hátt. Ekki er því um fækkun útlána að ræða. Gegnir var ekki virkur í langan tíma vegna vandræða með uppfærslu og prentun. Vegna þessa var oftast notast við rafrænar heimildir við leit af heimildum fyrir nemendur.

Áherslur bókasafns Keilis

Skráning við BSc lokaritgerða hjá nemendum í tæknifræði hélt áfram árið 2014. Samantekt á bókakosti flugakademíunnar var gerð vegna samstarfs Keilis og AST um réttindanáms flugvirkja. AST er hluti af Perth Collage og University of Highlands and Islands (UHI) í Perth í Skotlandi.

Haldið var áfram með að fá Þjóðskjalasafn Íslands til að samþykkja málalykil Keilis samkvæmt lögbundinni skyldu og var málalykillinn samþykktur þann 5. júní 2014. Vinna við samþykkt rafrænnar skjalavörslu heldur áfram.

Haldið var áfram að taka saman heimildalista um almenn ritgerðarefni og bókmenntir og samkvæmt umhverfisstefnu Keilis var byrjað að færa greinasafn bókasafns Keilis á rafrænt form.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu í sérhæfðum gagnagrunnum.

Aukin áhersla var lögð á að ná til nemenda í gegnum Facebook-síðu safnsins. Þar er hægt að koma upplýsingum áfram til nemenda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast.

Mikið hefur borið á að einstaklingar séu að færa bókasafninu gjafir. Bókasafnið fékk 6 bækur sem fjalla um samfélagsmiðla og nýtingu þeirra, kennslubækur um endurskoðun, hagfræði, bókfærslubækur og rekstrarhagfræðibók. Bókasafn Keilis fékk stóra bókaþjóf frá dánarbúi og innihélt það mikið magn af bókum um rafmagnsverkfræði. Orkustofnun færði bókasafninu bókaþjóf og iðulega fær bókasafn Keilis bókaþjafir frá Bókasafni Reykjanesbæjar.

Kynningar

- 3. janúar - kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir fjarnemendur.
- 24. febrúar - kynning og kennsla í heimildaleit fyrir nemendur í þjóðhagfræði.
- 20. maí - kynning á starfsemi bókasafnsins fyrir nema í vettvangsnámi í HÍ.
- 22. ágúst - kynning á bókasafninu fyrir ævintýramennsku.
- 25. ágúst - kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í háskólabrú.
- 2. september - kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir nemendur í flugvirkjun.
- 8. september - Bókasafnsdagurinn, bæklingar og veggspjöld.
- 4. nóvember - kynning á heimildaleit, APA-kerfi og þjónustu bókasafns Keilis fyrir nemendur í ævintýranámi.

Námskeið og fundir

Fundir um lögbundin verkefni Flugakademíunnar Skráningarnámskeið

Fundir um skjalamál Keilis

Námskeið hjá Þjóðskjalasafni um frágang pappírs málafna Námskeið hjá

Þjóðskjalasafni um rafræna skjalavörslu

Fundir hjá bókasafns- og upplýsingafræðingum í framhaldsskólum Landsfundur

Upplýsingar á Akureyri



Náms- og starfsráðgjöf

Árið 2014 voru tveir starfsmenn sem sinntu náms- og starfsráðgjöf. Skúli Freyr Brynjólfsson var í 100% stöðu og Þóra Kristín Snjólfsdóttir var í 50% stöðu á móti sama hlutfalli sem prófstjóri.

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nemendum skólans stuðning meðan á námi stendur með því að leiðarljósi að auka árangur og vellíðan nemenda. Helstu viðfangsefni ráðgjafarinnar eru ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni, ráðgjöf og úrræði vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika, persónuleg ráðgjöf, að efla sjálfsþekkingu nemenda og upplýsingagjöf um námsleiðir og störf. Talsverður hluti af starfi náms- og starfsráðgjafanna felst í að svara fyrirspurnum um allar deildir skólans og taka þátt í inntökuferli við allar deildir, þ.á.m. inntökuviðtölum.

Útfærsla og eftirspurn

Náms- og starfsráðgjafar Keilis leitast við að veita nána og persónulega ráðgjöf með það að markmiði að styrkja sjálfstæði og sjálfstraust nemenda. Í því skyni leitast ráðgjafarnir við að vera til staðar þegar nemendur þurfa á að halda og vera mjög sýnilegir í öllum rýmum skólans. Öll persónuleg viðtöl námsráðgjafa eru skráð niður og flokkuð, annarsvegar í viðtöl við nemendur og hinsvegar í inntökuviðtöl og svör við fyrirspurnum. Eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan hefur verið aukning á fjölda viðtala frá árinu 2013.

	2014	2013
Viðtöl við nemendur	1379	1271
Fyrirspurnir og inntökuviðtöl	579	595
Samtals	1958	1866

Á árinu 2014 leituðu 304 nemendur til námsráðgjafa með hin ýmsu viðfangsefni. Þessir nemendur skiptast eftir deildum á eftirfarandi hátt:

	Fjöldi	Hlutfall 2014	Hlutfall 2013
HBR - Staðnám	127	41,8%	57,1%
HBR - Fjarnám	100	32,9%	22,3%
Tæknifræði	31	10,2%	9,2%
Íþróttakademía	17	5,6%	4,8%
PPL & ATPL	8	2,6%	2,9%
Flugvirkjun	21	6,9%	3,7%
Samtals	304		

Frá því að stöðuhlutfall náms- og starfsráðgjafa var aukið upp í 200%, að prófstjórn meðtalinni, hafa ráðgjafa unnið markvisst að því að auka virkni og þjónustu við aðrar deildir en Háskólabrú. Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan teljum við að það hafi tekist nokkuð vel og stefnum við að því að gera enn betur á árinu 2015 í þeim efnum.

Námskeið

Sú breyting var gerð á tilhögun námstækninámskeiða á haustönn 2013 að eitt námskeið (1-3 klst.) var sett inn í stundatöflu allra hópa sem hófu nám við Keili. Þessu formi héldum við árið 2014 og teljum að það sé komið til að vera. Annarsvegar hefur hlutfall þeirra nemenda sem taka þátt í námskeiðunum hækkað verulega og hinsvegar tryggir þetta að nemendur í öllum deildum fái greiðan aðgang að slíkri þjónustu. Það hefur í framhaldinu skilað sér í því að nemendur leita frekar til námsráðgjafa en áður. Auk námstækninámskeiðanna höfum við boðið nemendum upp á vinnustofur og spjall um prófundirbúning og próftöku sem hafa mælst vel fyrir.

Félagslíf nemenda

Námsráðgjafa var falið að skipuleggja og stuðla að auknu félagslífi innan skólans. Á haustmánuðum var í því skyni stofnað Námsmannaráð Keilis þar sem í sátu tveir fulltrúar frá hverri af eftirtöldum deildum: Tæknifræði, flugvirkjun, staðnám Háskólabrúar og ATPL. Ráðið hittist nokkrum sinnum með fulltrúum skólans.

Nemendur í flugvirkjun stofnuðu sjálfstætt nemendafélag að eigin frumkvæði sem hefur verið talsvert virkt.

Nemendafélag tæknifræðinnar hefur verið starfandi um nokkurt skeið, að mestu án aðkomu skólans.

Innan Háskólabrúar hefur verið starfandi fulltrúaráð sem hittist ásamt fulltrúum skólans til að auðvelda upplýsingastreymi.

Innan ATPL hefur á sama hátt verið starfandi fulltrúaráð sem hittir fulltrúa skólans, auk þess sem nemendur hafa staðið fyrir samkomum.

Önnur verkefni

Nemendum gefst kostur á að koma í STRONG áhugasviðskönnun og fá viðtal þar sem farið er yfir útkomu þeirra. Hluti af því viðtali er notað í almenna starfsráðgjöf.

Hafi nemendur grun um námsörðugleika, s.s. lesörðugleika, athyglisbrest, kvíðaröskun o.s.frv., hafa náms- og starfsráðgjafa hvatt nemendur til að fara í greiningu til að sannreyna það.

Náms- og starfsráðgjafa Keilis hafa verið talsvert virkir í kynningum á starfsemi og námsframboði Keilis og bæði tekið þátt í og stýrt kynningum fyrir ýmsa hópa. Þar á meðal eru nemendur og starfsfólk símenntunarstöðva, nemendur í framhaldsskólum og margir fleiri. Auk þess fór námsráðgjafi í kynningarferð um Norðurland.



Viskubrunnur

Nafnið Viskubrunnur er samheiti fyrir námskeiðabanka Keilis sem samanstendur af netnámskeiðum, netfyrirlestur og venjulegum styttri og lengri námskeiðum. Undir Viskubrunn fellur allt það nám sem ekki á heima undir öðrum skólum og brautum Keilis.

Verkefnastjóri Viskubrunns er Sigrún Svafa Ólafsdóttir og í lok árs kom Ásdís Ólafsdóttir í 50% stöðu við Viskubrunn.

Verkefni

Helstu námskeið Viskubrunns eru Sumarskóli Keilis, Sterkur grunnur, Flug grunnur, netnámskeið í hinum ýmsu greinum framhaldsskóla ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Sumarskóli Keilis hefur bætt fjölbreytnina í sumarnámskeiðaflórinni fyrir ungt fólk. Flugbúðir eru vel heppnað 4 daga námskeið sem í boði var bæði í júní og ágúst fyrir unglinga ásamt því að vera í boði sem helgarnámskeið í febrúar fyrir 16 ára og eldri. Starfandi flugkennarar hafa séð um námskeiðin en Viskubrunnur sér um skipulag og samskipti við þátttakendur.

Tækni- og vísindasmiðja er sumarnámskeið haldið í aðstöðu Tæknifræðideildar Keilis í samvinnu við Viskubrunn. Umsjónarmenn námskeiðsins eru ráðnir inn í gegnum sumarvinnuúrræði Vinnumálastofnunar og eru því háskólanemar á milli anna. Vel var látið af námskeiðinu sem stóð yfir í viku og börn á aldrinum 10–13 ára undu sér glöð við tilraunir og vettvangsferðir.

Sterkur grunnur eru undirbúningsnámskeið á netinu, hugsuð fyrir verðandi nemendur í Háskólabróu Keilis. Höfundar námskeiðanna eru í öllum tilfellum kennarar viðeigandi faga á Háskólabróu og námskeiðið því markvisst sett upp miðað við reynslu kennara á því hvar nemendur skortir helst undirstöðuþekkingu. Undirbúningsnámskeið eru í boði í eftirfarandi fögum:

- Stærðfræði
- Ensku
- Íslensku
- Raunvísindum (efnafræði, eðlisfræði og líffræði saman)
- Líffræði
- Efnafraði
- Eðlisfræði

Flug grunnur er samansafn undirbúningsnámskeiða á netinu fyrir verðandi nemendur í Flugakademíu Keilis. Þar er á sama hátt reynt markvisst að kenna það efni sem nemendur skortir helst í undirbúningi fyrir námið. Flug grunnur býður upp á undirbúningsnámskeið í:

- ensku fyrir flugmenn
- ensku fyrir flugvirkja
- eðlisfræði
- stærðfræði

Netnámskeið í nokkrum fögum framhaldsskóla eru komin í loftið og fleiri á leiðinni. Í boði eru:

- faglegri upplýsingaþjónusta
- leiðbeiningar við heimildaleit
- námsefni úr stærðfræði 103 og 203
- íslenskar bókmenntir; Egils saga, Hávamál og Völuspá.

Ökunet er netökuskóli til B-ökuréttinda og er samvinnuverkefni Viskubrunns og Ökuskólans í Mjódd. Starfsleyfi fékkst í júlí 2014 og fyrstu nemendurnir innrituðust í lok ágúst. Boðið er upp á námskeið í bæði Ökuskóla 1 og Ökuskóla 2.

Viskubrunnur hefur þar að auki komið að uppsetningu netnámskeiða í friköfun og forritun fyrir byrjendur.

Í lok ársins 2014 var farið að vinna í að stofna deildarsíðu fyrir Viskubrunn á heimasíðu Keilis.

Samvinna við fyrirtæki er að aukast, nokkur stór fyrirtæki hafa gert samning við Viskubrunn um uppsetningu og hýsingu námskeiða til endurmenntunar innan fyrirtækjanna.



3

FLUGAKADEMÍA





Rekstararárið 2014 var mjög viðburðaríkt ár hjá Flugakademíu Keilis og verður ekki annað sagt en að rekstur félagsins hefur tekið miklum breytingum, þá helst hvað varðar skipulag starfseminnar, breytingar á starfsmannahaldi, vöxt, fjárfestingar í nýjum tækjum og umfang rekstrar. Vöxtur hefur verið stöðugur og nýjungar verið innleiddar í starfsemi okkar og hafa starfsmenn lagt sig fram við að ná settum markmiðum fyrir árið. Þrátt fyrir nokkur áföll á árinu verður ekki annað sagt en að árið 2014 hefur verið gott ár hjá Keilir Aviation Academy ehf. og Keilir-FVB ehf.

Vel gekk á árinu að fylgja eftir markaðsvinnu á erlendum vettvangi frá því árið áður og ef heldur sem horfir þá er Flugakademía Keilis svo sannarlega að hasla sér völl í útflutningi á menntun í flugtengdri starfsemi. Það er virkilega ánægjulegt að upplýsa að innlend markaðsvinna gekk jafnframt mjög vel og ljóst er að vörumerki Keilis er í dag leiðandi í flugtengdri umræðu á Íslandi sem og varan sem Flugakdemía býður viðskiptavinum sínum upp á hér á landi. Gott starf starfsmanna hefur leitt af sér þann árangur að varan sem Flugakademía Keils býður upp á er raunverulegur valkostur þegar kemur að vali á flugtengdu námi á Íslandi. Gott markaðsstarf og uppbygging góðrar vöru hefur skilað auknu hlutfall innlendra nemenda hjá okkur og á markaðsdeild og starfsfólk Keilis þar hrós skilið.

Starfsemi Flugakdemíu hefur vaxið jafnt og þétt. Í dag eru 11 fastir starfsmenn í öllum deildum og fjöldinn allur af starfsmönnum sem starfa fyrir okkur í verktöku og hlutastörfum, bæði í bók- og verklegri flugkennslu, flugkennaranámi, flugvirkjanámi, flugumferðastjórn og



flugþjónustunámi. Ásamt því að við rekum okkar eigið viðhaldsverkstæði fyrir flugvélar okkar á Keflavíkflugvelli.


Á árinu voru keyptar þrjár nýjar Diamond DA 20 flugvélar sem komu inn í rekstur okkar síðla sumars og þegar vel var liðið fram á haust. Flugvélum okkar var flogið alls 4.661 klukkustund á árinu sem er 9,85% aukning frá fyrra ári. Að auki fjárfesti Flugakademían í nýjum Redbird MCX flughermi á árinu sem var ekki tekinn í notkun fyrr en í upphafi árs 2015. Gerður var samstarfssamningur við CAE um nýtt kennsluefni frá Oxford fyrir allt flugnám hjá okkur og er þar um að ræða gríðarlega breytingu í gæðum náms okkar samhliða breyttum kennsluháttum.

Uppbygging flugvirkjanámsins hefur gengið að óskum og er búið að tryggja starfseminni nýtt húsnæði fyrir verklegu kennsluna til næstu ára. Að auki er búið að tækjavæða starfsemina að nær að öllu leyti á árinu þar sem fjárfest var í hinum ýmsa búnaði, m.a. flugvélamótorum, flugvélum og öðrum tækjum, ásamt því að velunnarar hafa fært okkur veglegar gjafir með það að markmiði að styðja við fagmenntun í

þessum geira. Flugþjónustunámið gekk vel þar sem það var starfrækt í annað sinn með breyttu sniði. Því miður erum við enn að berjast í bökkum með að starfrækja nám í flugumferðarstjórn.

Á árinu stunduðu um 150 nemendur bóklegt flugtengt nám hjá Flugakademíu og til viðbótar við þennan fjölda eru þeir nemendur sem eru eingöngu í verklegu flugnámi hjá okkur. Flugbúðir Keilis, námskeið fyrir unglinga, var vel sótt í þrjú skipti á árinu og ljóst er að um fastan lið er að ræða í starfsemi okkar.

Starfsfólk Flugakademíu hefur staðið sig með prýði á árinu og tekið virkan þátt í uppbyggingunni og vil ég því þakka sérstaklega núverandi og fyrrverandi starfsfólki innilega fyrir þeirra framlag, jákvæðni og dugnað í uppbyggingarstafi Flugakademíu Keilis. Að auki vil ég þakka nemendum okkar, hvaðan sem þeir koma, fyrir að hafa valið Keili til að fjárfesta í sinni eigin framtíð.



4

TÆKNIFRÆÐI

Í byrjun árs 2014 var tæknifræðinám Keilis innleitt í kennsluskrá Háskóla Íslands og nemendur færðir í nemendaskrá háskólans en þessar breytingar höfðu verið í undirbúningi frá árinu áður. Við það varð tæknifræðinámið viðurkennt námsframboð á vegum Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar Háskóla Íslands sem fram fer á vettvangi Keilis. Allar skráningar nemenda og utanumhald námskeiða færðist úr Innu yfir í Uglu, kennslukerfi háskólans, og hafa allir nemendur tæknifræðinnar aðgang að Uglunni. Þá varð námið einnig sýnilegra á heimasíðu Háskóla Íslands.

Priðji útskriftarárgangur tæknifræðináms Keilis

Þann 20. júní 2014 útskrifaðist þriðji árgangur úr tæknifræðináminu með BS-gráðu í tæknifræði frá Háskóla Íslands. Útskriftarnemarnir öðluðust um leið réttindi til að sækja um starfsheitið tæknifræðingur til Iðnaðarráðuneytisins.

Nemendurnir unnu metnaðarfull lokaverkefni og luku námi sínu með formlegri framsögn og vörn á verkefnunum sínum. Þá kynntu tveir nemendur lokaverkefni sín á hádegisfundi STFÍ. Karl Ingi Eyjólfsson, útskriftarnemi í mekatróník hátæknifræði, hlaut námsstyrk til framhaldsnáms í Syddansk Universitet í Danmörku.

Listi yfir útskriftarnema 2014 og lokaverkefni þeirra:

Guðmundur Arnar Grétarsson: Automated Control System: Selection, Design and Programming of Automated Control System for a Conveyor Belt in Fishing Industry.

Gunbold G. Bold: Feasibility Study of Sustainable Energy to Power Wastewater Treatment Plants for Islands.

Karl Guðni Garðarsson: Sáldurrör sem takmarkar útfellingu á jarðhitavökva.

Karl Ingi Eyjólfsson: Portable Weather Station.

Sigurður Örn Hreindal: Nálavindivél fyrir netagerðarfyrirtæki.

Skarphéðinn Ölver Sigurðsson: Göngugreining á koltrefja gervifæti.

Starfsmenn deildarinnar

Forstöðumaður tæknifræðideildarinnar er Sverrir Guðmundsson. Í deildinni starfa níu fastir kennarar ásamt stundakennurum en nokkrir nýir stundakennarar tóku til starfa á árinu. Tveir verkefnastjórar eru einnig starfandi við deildina.

Nám og kennsla

Samtals voru að jafnaði um 76 virkir nemendur á öllum þremur árum tæknifræðinámsins. Sífelld fleiri fyrirtæki leituðu til Keilis með hagnýt verkefni fyrir nemendur. Meðal verkefna sem nemendur hafa verið að vinna að í verkefnafögum á síðasta ári námsins eru aukin sjálfvirkni og nýting afurða í skelfiskvinnslu, hita- og flæðistýring fyrir heita potta, hönnun á olíukæling fyrir tölvur í gagnaverum, nýting á fiskafurðum m.a. til framleiðslu lífdísels, nýting á sorpúrgangi til framleiðslu metangass, og stýring á varmaflæði upphitaðs jarðvegs til ræktunar.

Hluti kennara hélt áfram að vinna með vendinám og aðrir kennarar tóku sín fyrstu skref í að innleiða slíkar kennsluaðferðir í sínum námskeiðum.



Tæknibúðir fyrir grunnskólabörn voru haldnar annað sumarið í röð. Haldin voru nokkur vikulöng námskeið þar sem börnin leystu vísinda- og tæknitengd verkefni undir handleiðslu tveggja starfsmanna Tæknibúðanna. Starfsmennirnir voru nemendur Háskóla Íslands.

Í lok maí var opnuð tæknismiðja (fablab) í húsnæði Eldeyjar á Ásbrú en smiðjan er samstarf Heklunnar, Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, Kadeco, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Keilis og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Nemendur tæknifræðinnar unnu sjálfbodaðavinnu við þróun og undirbúning opunarinnar og koma þeir einnig að rekstri smiðjunnar. Í smiðjunni er m.a. þrívíddarprentari og þrívíddarskanni sem býður upp á fjölda möguleika, bæði fyrir frumkvöðla, fyrirtæki í nýsköpun sem og almenning. Notast er við opinn hugbúnað og smiðjustjóri leiðbeinir gestum.

Samstarf

Á vorönn komu fjórir skiptinemar frá AGH tækniháskólanum í Kraká í Póllandi. Nemendurnir unnu að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við HS Orku, Rannsóknarsetur Bláa lónsins og Remake Electric auk nýsköpunarverkefnis sem nýtti aðstöðu Orkurannsóknar ehf., dótturfélags Keilis. Piotr Jan Górski útfærði samhæfingu á orkumælíbúnaði fyrir Remake Electric og setti upp orkueftirlitskerfi fyrir stofur í A-álmú í Keili. Rafal Styrylski útfærði myndgreiningar og stýribúnað fyrir þriggja ása griparm sem var ætlað að tína sveppi eða smáhluti. Natalia Katarzyna Wija skoðaði hreinsun á jarðgasi til notkunar í þörungaræktun hjá rannsóknar- og þróunardeild Bláa lónsins og Tomasz Michal Pieczka gerði verkefni um nýtingu affallsvatns frá orkuveri HS Orku til iðnaðar. Verkefnin voru öll hluti af mastersnámi þeirra við AGH.

Að auki komu samtals fjórir starfsmenn frá þremur mismunandi deildum AGH tækniháskólans, en þeir dvöldu í eina viku, kynntu sér starfsemina og funduðu með starfsfólki þar sem grunnur var lagður að áframhaldandi samstarfi skólanna.

Kynningar og styrkir

Kynningar voru fjölmargar á árinu. Áhersla var lögð á að kynna tæknifræðinám Keilis sem víðast og fyrir sem flestum. Tekið var á móti fjölmörgum hópum, allt frá hópum grunnskólakrakka til háskólanema og fyrirtækja. Þá var námið kynnt á Háskóladeginum sem og árlegum Skrúfudegi Tækniskólans. Einnig var farið í fjölda framhaldsskóla um allt land og námið kynnt.



Notaður var styrkur frá Vaxtarsamningi Suðurnesja sem fékkst 2013 til þess að útbúa kynningarmyndband og kynningarefni fyrir Orkurannsóknir ehf., dótturfélag Keilis, sem og námið sjálft en Orkurannsóknir halda utan um rannsóknar- og tilraunaaðstöðu tæknifræðinámsins og tengir það við atvinnulífið. Verkefni sem miðaði að aukinni sjálfvirkni og nýtingu skelfiskafurða, sem var styrkt af Vaxtarsamningi Suðurnesja og unnið í samstarfi Íslandsskel og Blámar, kláraðist á árinu.

Skrifaðar voru greinar í ýmis blöð og út kom blað útskriftarnema sem var notað við kynningar ásamt öðrum bæklingum.

Nýir styrkir fengust frá Vaxtarsamningi Suðurnesja. Orkurannsóknir ehf., með Daniel Coaten í fararbroddi, fengu styrk til þess að rannsaka breytilega eiginleika fiskiolíu sem unnin er úr slógi. Þá fékk Guðmundur Borgþórsson styrk til þess að fullhanna og gera alla forvinnu sem þarf fyrir útfærslu á frumgerð nýrrar sliskju sem myndi leysa aðkallandi vandamál hreyfihamlaðra einstaklinga bundna hjólastól sem eiga erfitt með að komast leiðar sinnar vegna hindrana. Verkefnið er unnið í samstarfi Keilis og MND félags Íslands.



5

ΪΠΡΌΤΤΑΑΚΑΔΕΜΪΑ

Vorið 2014 útskrifuðust 38 af einkaþjálfarabraut ÍAK, 10 af nýrri námsbraut ÍAK styrktarþjálfara og 13 útskrifuðust af annarri nýrri námsbraut, ævintýraleiðsögunám í samstarfi Keilis og Thompson Rivers University (TRU) í Kanada.

Eins og fyrri ár er nokkur hluti umsækjenda ekki að mæta kröfum skólans um lágmarksmenntun til að koma inn í prógrömmun. Það er hvað mest áberandi í ævintýraleiðsögunáminu en það nám er á háskólastigi. Allir umsækjendur sem vantar upp á einingar til að vera gjaldgengir í nám hjá deildinni, eru hvattir til að bæta úr því, sækja sér einingar og sækja um aftur að ári liðnu. Hefur það í nokkrum tilfellum ræst að umsækjendur komi aftur að ári liðnu og gangi inn í prógrömmun.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi námsbrauta í einkaþjálfun og styrktarþjálfun hafa heppnast vel. Á vorönn 2014 var í fyrsta skipti kenndur áfangi sem kennir nemendum bestu viðskiptahætti í starfi einkaþjálfara ásamt því að reka lítil fyrirtæki, markaðssetningu og að annast sölu. Þessi áfangi er því hugsaður til að sá fræjum í huga verðandi einkaþjálfara um eigin rekstur utan líkamsræktarstöðva sem og að kenna þeim sem þar munu starfa hvernig hægt er að standa upp úr í samkeppninni. Áhugavert verður að fylgjast með nemendum ÍAK sem munu hasla sér völl á nýjum sviðum þjálfunar í framtíðinni.

Fyrsta ári styrktarþjálfaranámsins lauk á árinu og hefur það fengið góða athygli út á við. Helsti styrkleiki námsins eru þeir sérfræðingar sem sjá um kennsluna en þar hefur ÍAK algjöra sérstöðu, ekki bara á íslenskum markaði, heldur á heimsvísu.

Fyrsta kennsluár ævintýraleiðsögunámsins fór vel fram og hefur námið vakið mikla eftirtekt á meðal fyrirtækja og einstaklinga í ferðamálaíðnaðinum. Keilir á í góðu samstarfi við TRU sem á námsbrautina. Hafa kennarar frá TRU m.a. komið til landsins til að kenna í verklegum áföngum námsins sem bætir faglega kennslu enn frekar. Einnig er gott samstarf Keilis við afþreyingarferðaþjónustufyrirtækið Arctic Adventures sem m.a. er skólanum innan handar með aðstöðu og búnað í nokkrum af verklegu áföngum námsins og hefur ráðið til sína allmarga útskrifaða nemendur Keilis/TRU frá fyrsta ári. Þess má geta að allir útskriftarnemendur ævintýranámsins 2014 fengu atvinnutilboð mánuði fyrir námslok.

Ráðstefnu- og námskeiðahald

Þjálfarabúðir og námskeið voru haldin fjórum sinnum á árinu og í þessari röð: Tom DeLong – námskeið í hreyfifræði kraftlyftinga (mars), Ian Jeffreys – námskeið í hraða- og viðbragðsþjálfun (apríl), Brad Schoenfeld – fyrirlestur um vöðvauppbyggingu (júní), Robert Linkul og Rick Howard voru með námskeið í starfsþróun einkaþjálfara og styrktarþjálfun ungmenna. Mikil ánægja ríkti meðal erlendu gestakennaranna og er mikilvægt fyrir ÍAK að mynda tengsl við fagmenn á alþjóðlegum vettvangi. Það er mikill styrkur fyrir ÍAK að hafa gott aðgengi að fyrirlesurum sem eru fremstir á sínum vettvangi og þekktir í íþróttum og líkamsræktargeiranum víða um heim.

Nýsköpun og þróun

Ævintýraleiðsögunám ÍAK og TRU í Kanada er ekki aðeins nýsköpun innan veggja Keilis heldur er námið það fyrsta og eina sinnar tegundar á landinu. Kennsla gekk mjög vel og námið var nánast hnökralaust báðar annirnar. Eitt óhapp átti sér stað á árinu þegar rútabílfreið skólans lenti utanvegar í fárviðri í Skaftafelli og valt. Bílfreiðin var dæmd ónýtt í kjölfarið en til allra lukku slasaðist enginn í óhappinu.

Fjöldi umsókna barst í námið fyrir haustönn og hófu 14 nemendur nám í ágúst. Flestar umsóknanna sem fengu höfnun skorti upp á nægilega menntun til að vera gjaldgengar í háskólanám. Það er þó von á að einhverjir umsækjendur reyni aftur eftir að hafa bætt við sig einingum.

Mikil almenn ánægja var á meðal nemenda með skipulag og framkvæmd námsins. Erum við stolt af þessu nýja námsframboði sem mun án efa efla fagmennsku og öryggi á sviði ferðaþjónustu sem í dag er orðin stærsta atvinnugreinin á Íslandi. Við lítum framtíðina björtum augum á þessu sviði.

ÍAK styrktarþjálfarinn gekk að mestu mjög vel og voru það nemendur og kennarar sem ruddu brautina og veittu okkur góðar ábendingar sem munu nýtast vel við skipulagningu í framtíðinni. Orðspor þessa fyrsta árs dró til sín 14 nýnema á haustönn.

ÍAK falaðist eftir samstarfi við íþróttufræðiskor HÍ um að færa styrktarþjálfaranámið upp á háskólastig. Beðið er eftir viðbrögðum HÍ um erindið.



Mikil þróunarvinna átti sér stað við að færa ÍAK einkaþjálfaranámið yfir á enska tungu fyrir erlendan markað. Fjórir bandarískir sérfræðingar, hver á sínu sviði, hafa verið ráðnir í að smíða áfanga og taka að sér kennslu.

Starsfmannamál

Arnar Hafsteinsson hefur verið starfandi forstöðumaður síðan ágúst 2012. Steinþóra Eir Hjaltadóttir hefur starfað sem verkefnastjóri ÍAK þjálfaranámsbrauta í 70% starfi frá árinu 2011 og Ragnar Þór Þrastarson var verkefnastjóri ævintýranámsins frá ágúst 2013.

Níu íslenskir stundakennarar og fimm erlendir kennarar störfuðu við kennslu í ÍAK þjálfaranámsbrautunum. Um er að ræða verktaka í hlutastarfi. Fjórir kennarar kenndu við ævintýranámsbrautina, einnig sem verktakar, auk Ragnars Þórs verkefnastjóra sem kenndi mest af bóklegum hluta námsins og verulegan hluta verklegra áfanga. TRU sendi þrjá kennara á sínum vegum til að taka þátt í verklegri kennslu ævintýranámsins.

Framtíðarsýn

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á ÍAK einkaþjálfaranáminu síðustu tvö ár hafa gengið vel upp og aukið jákvætt orðspor námsins. Talsverðar mannabreytingar hafa verið undanfarin misseri sem hafa komið vel út þar sem hollt er að fá inn ferska vinda annað slagið.

Það lítur út fyrir að aðsókn í ÍAK einkaþjálfaranámið muni vera svipuð og síðustu ár og að aðsóknin í ÍAK styrktarþjálfarann muni aukast á milli ára. ÍAK mun leggja áherslu á að hjálpa útskrifuðum nemendum að koma sér á framfæri og greiða fyrir að styrktarþjálfun verði viðurkennt fag á markaðnum í nálægri framtíð.

Enska ÍAK námið sem hefur verið í þróun síðustu mánuði mun án efa vera mikil lyftistöng fyrir deildina og skólann ef vel til tekst að markaðssetja námið á erlendis. Námsbrautin er mönnuð af topp kennurum frá Bandaríkjunum en flestir hafa doktorsgráðu á sínu sérsviði.



Áhersla næstu missera verður að hlúa að nýstofnuðum námsbrautum deildarinnar og festa þær í sessi á markaðnum. ÍAK starfar í frjóum jarðvegi þar sem mikil aukning er á heilsuvitund og áhuga fólks um heilsutengd störf en víst er að þörfin fyrir vel menntaða þjálfara, bæði í einkaþjálfun og styrktarþjálfun íþróttamanna, er til staðar. Enn frekar er menntun leiðsögumanna mikið í umræðunni og enn fjölgar ferðamönnum til landsins. Sérstaða Keilis er að bjóða upp á eina ævintýrleiðsögunámið hérlandis og eru miklir möguleikar fólgnir í þeirri stöðu.

Áhersla næstu missera verður að hlúa að nýstofnuðum námsbrautum deildarinnar og festa þær í sessi á markaðnum. ÍAK starfar í frjóum jarðvegi þar sem mikil aukning er á heilsuvitund og áhuga fólks um heilsutengd störf en víst er að þörfin fyrir vel menntaða þjálfara, bæði í einkaþjálfun og styrktarþjálfun íþróttamanna, er til staðar. Enn frekar er menntun leiðsögumanna mikið í umræðunni og enn fjölgar ferðamönnum til landsins. Sérstaða Keilis að bjóða upp á eina ævintýrleiðsögunámið hérlandis er algjör og miklir möguleikar faldir í þeirri stöðu.





6

HÁSKÓLABRÚ

Háskólabrú Keilis hefur frá árinu 2007 boðið upp á eins árs nám er veitir ígildi stúdentsprófs. Keilir hefur verið í samstarfi við Háskóla Íslands við skipulagningu námsins. Markmiðið með náminu er að veita nemendum góðan undirbúning fyrir krefjandi háskólanám. Að lokinni Háskólabrú geta nemendur sótt um háskóla bæði héraendis og erlendis. Háskólabrúin er kennd bæði í staðnámi og fjarnámi. Þörf fyrir nám eins og Háskólabrú hefur sannarlega sýnt fram á gildi sitt því aðsókn hefur verið góð frá upphafi.

Meðalaldur nemendahópsins hefur verið um þrjátíu ár og um 30% nemendahópsins býr á Suðurnesjum og í nemendaíbúðum á Ásbrú.

Inntökuskilyrði á Háskólabrú eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið 70 framhaldsskólaeiningum. Þar af þurfa umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti 6 einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Tekin eru inntökuviðtöl við umsækjendur sem er einn mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Haustið 2014 hófu um 85 nemendur staðnám á Ásbrú og 20 nemendur á Háskólabrú Keilis á Akureyri. Það er fjórði hópurinn er hefur staðnám á Akureyri en við höfum unnið með góðum árangri með Símenntunarstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, sem sér um framkvæmd námsins.

Starfsmannamál

Forstöðumaður Háskólabrúar er Soffía Waag Árnadóttir og Inga Sveina Ásmundsdóttir, verkefnisstjóri fjarnáms. Kennarar á Háskólabrú eru 20 talsins á Ásbrú og Akureyri.

Fjarnám – ekki svo fjarlægt!

Fjarnám er þess eðlis að nemendur geta stundað námið óháð landfræðilegri staðsetningu enda eru prófastöðvar okkar um þrjátíu talsins héraendis og erlendis.

Í janúar 2014 hófu 103 nýnemar fjarnám á Háskólabrú en mun fleiri nemendur stunda fjarnám þar sem ákveðinn fjöldi nemenda lýkur námi á lengri tíma.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að þróa búnað og skipulag til fjarnámskennslu í Keili. Við höfum tileinkað okkur nýjustu tækni sem völ er á í rafrænni kennslu og þannig leitast við að gera fjarnámskennslu síður fjarlægga, kennarar og nemendur eru í samskiptum og augu og eyru nema það sem kennari leggur fram og umræður skapast.

Tæknin er vissulega mikilvægur þáttur í fjarnámi en auk þess hittast nemendur og kennarar í staðlotum í skólanum á 5 vikna fresti. Þær hefjast með próftöku á fimmtudegi og nýr áfangi hefst svo á föstudegi og laugardegi. Þeir nemendur sem ekki geta mætt á vinnuhelgi taka þátt fyrir tilstuðlan fjarkennslubúnaðar og eru þannig virkir þátttakendur í umræðum og verkefnavinnu.

Við buðum upp á nýja námsleið í fjarnámi er heitir „nám með vinnu“. Sú leið gefur nemendur kost ljúka náminu á tveimur árum í stað eins árs og tekið er tillit til vinnutíma varðandi skil á verkefnum og próf. Það var vel tekið í þessa nýjung.

Þróun kennsluaðferða – Vandinám

Frá upphafi hafa kennsluaðferðir á Háskólabrú miðast við þarfir fullorðins fólks. Við leggjum áherslu á verkefnavinnu og að nemendur vinni raunhæf verkefni ásamt því að vinna í hópi. Við höfum haft að leiðarljósi að þróa nýjar kennsluaðferðir, efla virkni nemenda í kennslutímum og breyta fyrirlestrarforminu. Haustið 2012 breyttum við kennsluaðferðum okkar í öllum áföngum í svokallað vandinám (e. flipped classroom) þar sem fyrirlestrar eru færðir heim og heimavinnan í skólann. Nú erum við að ljúka þriðja skólaári með kennsluaðferðum vandináms. Það er áhugavert að skoða þá þróun er orðið hefur í vandinámi á Háskólabrú. Kennarar hafa verið leiðandi í að þróa vandinámið og mikil breyting hefur orðið á þessum þremur árum, t.d. hvernig hver og einn kennari velur að tileinka sér aðferðina. En markmið okkar á Háskólabrú hefur verið að vera í stöðugri þróun hvað kennslu og kennsluaðferðir varðar.

Eins og áður höfum við fylgt eftir hvernig til hefur tekist með vandinámið bæði meðal nemenda og kennara. Niðurstöður úr rafrænum könnunum nemenda og rýnihópum sýna að það ríkir mikil ánægja með kennara og kennsluaðferðir á Háskólabrú. Við höfum leitast eftir að styðja við kennara bæði faglega og hvað kennslutæki og kennsluefni varðar. Við munum alltaf leita nýrra leiða til þess að bæta nám og kennslu á Háskólabrú og er þróun vandináms í skólanum einn liður í því.



Heimsóknir og kynningar

Eins og fyrri ár hefur verið gestkvæmt hjá okkur á Háskólabrú. Er það ánægjulegt að taka á móti áhugasömu skólafólki og óhætt er að segja að þessar breytingar á kennsluháttum á Háskólabrú hafi vakið athygli í skólasamfélaginu. Við höfum tekið á móti fjölda áhugasams skólafólks sem hefur sýnt veginámi mikla og verðskuldaða athygli. Við höfum kynnt veginám í fjölmörgum skólum og haldið fyrirlestra á ráðstefnum um skólamál. Keilir er þannig orðinn leiðandi í að innleiða þetta nýja og öfluga kennsluform. Erlendir aðilar hafa einnig sótt til okkar, t.d. kóreska sjónvarpið og starfsfólk skoska University of Highlands and Islands til að kynna sér m.a. veginám á Háskólabrú. Í stóra samhenginu sýnir þessi mikli áhugi skólafólks og umræða um skólamál að það er mikil gerjun í þróun kennsluhátta og vilji til að endurskoða hefðbundið kennsluform í takt við nýja tíma. Við áttum fjölmargar góðar heimsóknir á árinu þar sem námið okkar var kynnt og samstarf eft.

Menntastoðir – samstarf við símenntunarstöðvar

Frá janúar 2009 hefur Keilir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gert samning um Menntastoðir sem er nám hugsað fyrir þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrði Háskólabrúar. Vegna Menntastoða eru einnig í samstarfi við Keili MÍMIR-símennt í Reykjavík og Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY). Góð aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá upphafi og margir nemendur þeirra hafa útskrifast frá Háskólabrú eða stunda þar nám. Einnig hefur Háskólabrú í staðnámi verið kennd á Akureyri í samstarfi við SÍMEY. Við tókum á móti fjölmörgum nemendum Menntastoða og kynntum þeim Háskólabrú enda sækir stór hluti þeirra um nám á Háskólabrú.



Áfangalýsingar – Einingar – Feiningar

Samkvæmt kennsluskrá Menntamálaráðuneytis um framhaldsskóla er þeim skólum gert að breyta einingum í svokallaðar feiningar. Þeirri vinnu lauk í byrjun árs. Þannig er kennsluskrá Háskólabrúar alfarið sett upp samkvæmt nýju kerfi, áfangar færðir í feiningar og viðeigandi þrep í kerfinu.

Útskrift

Skólaárið 2014 útskrifuðum við 185 nemendur úr bæði stað- og fjarnámi Háskólabrúar og höfum við því útskrifað 1201 nemenda frá upphafi.

Við erum stolt af þeim fjölda nemenda sem hefur útskrifast frá okkur. Fjöldi nemenda er þó ekki markmið skólans í sjálfu sér. Okkar metnaður liggur í að undirbúa nemendur sem best fyrir háskólanám. Þannig höfum við unnið markvisst að því að byggja upp gæðastarf skólans. Við höfum fylgst vel með gengi nemenda okkar og hefur það sýnt sig að nemendur okkar velja sér fjölbreyttar námsleiðir og telja sig almennt vel undirbúna þegar í háskóla kemur.

